

## Sjáumst í haust!

Fermingarstarfið hefst í byrjun september og fer fram í safnaðarheimili Mosfellsprestakalls, Þverholti 3.

Fræðslutímarnir verða einu sinni í viku, eftir skóla og nánari tilhögun á því verður kynnt þegar nær dregur. Einnig verður farið í **fræðsluferð í Vatnaskóg**.

Gjaldið fyrir fermingarfræðsluna fer eftir viðmiðunargjaldskrá sem gefin er út af Prestafélagi Íslands, kr. 23.388

Við upphaf fermingarfræðslunnar verður fundur með foreldrum og forráðamönnum fermingarbarnanna. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar með tölvupósti til þeirra sem skráð eru.



Ýmsar upplýsingar er varða fræðsluna og safnaðarstarfið almennt má finna á heimasíðu kirkjunnar, [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)

Með hlýjum sumarkveðjum

Prestar og starfsfólk Lágafellssóknar

  
Mosfellsprestakall  
Lágafellssókn

## VILTU FYLGJA OKKUR NÆSTA VETUR?



Til barna á fermingaraldri í Lágafellssókn í Mosfellsbæ

Nú styttist í fermingarár þeirra barna sem fædd eru árið **2011**. Það er með gleði í hjarta sem við hjá Lágafellssókn horfum fram til næsta fermingarvetrar.

Eins og undanfarin ár fer skráning fram rafrænt á heimasíðunni okkar, [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)

Þar gefst foreldrum og fermingarbörnum tækifæri til að skrá þann fermingardag sem þau óska eftir og staðfesta þar með þátttöku í fermingarfræðslu. Við skráningu er beðið um skírnardag barnsins.

**Skráning hefst**

**MÁNUDAGINN 22. apríl KL. 20:00**

Þetta bréf er sent öllum börnum árgangsins 2011 sem búsett eru í Lágafellssókn til kynningar, án tillits til þess hvort þau eru skráð í þjóðkirkjuna eða ekki.

## Ferming

Fermingin er kristin trúarathöfn, þar sem fermingarbarnið játast opinberlega að hafa kærleikann og fegurðina að leiðarljósi í lífi sínu. Fermingarbarnið velur að hafa Jesú Krist sem leiðtoga og staðfestir trú sína á Guð sem það var helgað í skírinni.

Fermingin er gleðihátíð fjölskyldunnar, þar sem ættingjar og vinir koma saman og fagna þessum tímamótum í lífi fermingar barnsins.

Skírn er forsenda fermingar. Ef þú ert ekki skírður/ skírð, þá getur þú í samvinnu við foreldra og prest ákveðið dag og látið skíra þig.



## Ferming

Til þín sem vilt fermast

Ferming þýðir að Guð staðfestir loforð sitt sem hann gaf þér þegar þú varst skírð/ur. Loforð um að vera með þér alla daga. Þú segir já við því að taka á móti blessun Guðs og því að Guð er og verður áfram með þér.

Það þýðir með öðrum orðum að þú viljir treysta Guði og reyna að lifa eftir vilja hans; að elska Guð og náungann eins og sjálfa(n) þig og að koma fram við aðra eins og þú vilt að þau komi fram við þig.

Fermingin er þín ákvörðun og það eru bæði þú og Guð sem segja já hvort við annað.



## Fermingardagar vorið 2025

Við skráningu er beðið um skírnardag barnsins.

30. mars	Lágafellskirkja	kl. 10:30	og kl. 13:30
5. apríl	Lágafellskirkja	kl. 10:30	og kl. 13:30
6. apríl	Lágafellskirkja	kl. 10:30	og kl. 13:30
12. apríl	Lágafellskirkja	kl. 10:30	og kl. 13:30
13. apríl	Lágafellskirkja	kl. 10:30	
<b>13. apríl</b>	<b>Mosfellskirkja</b>	<b>kl. 13:30</b>	(ef kirkjan verður opin)
8. júní	Lágafellskirkja	kl. 10:30	og kl. 13:30
	Hvítasunnudagur		

Hámarksfjöldi barna í hverja athöfn er 15 í Lágafellskirkju og 10 í Mosfellskirkju.

## Fermingarfræðslan

Undirbúningur fermingarinnar er fræðsla sem fer fram yfir fermingarveturinn.

Í fermingarfræðslunni eru þrjú meginmarkmið

- Að styrkja trúna á Guð
- Að þekkja grundvöll kristinnar trúar
- Að vaxa í kærleika til náungans

Við veltum lífinu fyrir okkur og stóru spurningunum. Hvað er trú? Hver er Guð? Í hverju felst hamingjan? Skiptir máli að trú og þá hverju? Hvað er bæn?

Hluti af fræðslunni er að koma reglulega í guðspjónustur og ferð í Vatnaskóg.